

FUNDARGERÐ

290. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn í húsnæði HEF að Einhleypingi 1.
Miðvikudaginn 27. janúar 2021 kl. 15:00.

Mætt eru:

Gunnar Jónsson (GJ), Skúli Björnsson (SB), Jónína Brynjólfsdóttir (JB), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH) og Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Ágústa Björnsdóttir (ÁB)

Gunnar Jónsson, stýrði fundi.

Dagskrá

- 1 Frágangur kaupa HEF á veitum D-S-B
 - 2 Ljósleiðaramiðja fyrir dreifbýli á Fljótsdalsshéraði
 - 3 Yfirtaka veitustarfsemi og samþykktir
 - 4 Eiðar – erindi vegna hitaveitu
 - 5 Smiðjusel – verðmat
 - 6 Verkefni fyrir aðalfund HEF
 - 7 Yfirlit verkefna - heildin
 - a. Undirbúningur verkefna 2021
 - b. Samráðsfundur HAUST
 - c. Drög að fráveitusamþykkt
 - 8 Yfirlit verkefna - Borgarfjörður
 - a. Fráveita - mengunarmælingar
 - 9 Yfirlit verkefna - Djúpivogur
 - a. Hitaveita – minnisblað
 - b. Fráveita – heildaráætlun / skipulag
 - 10 Yfirlit verkefna Fljótsdalshérað
 - a. Upptekt holu UV-8
 - b. Ljósleiðari í dreifbýli
 - c. Minnisblað ljósleiðara fyrir Múlaþing (af síðasta fundi)
 - d. Lóð Fóðurstöðvar
 - 11 Seyðisfjörður
 - a. Eftir skriðuföll
 - 12 Önnur mál
 - a. Starfsmannamál
 - b. Tengigjald ljósleiðara
-

1 Frágangur kaupa HEF á veitum D-S-B

Fyrirhugaður er fundur í vikunni. Stjórn leggur áherslu á að línur verði skýrðar sem allra fyrst.

2 Ljósleiðaramiðja fyrir dreifbýli á Fljótsdalsshéraði

Framkvæmdastjóra falið að gera könnun á verði og þjónustuframboði.

3 Yfirtaka veitustarfsemi og samþykktir

Lagt fram minnisblað um stjórnarsýslulega þætti sem gæta þarf að við færslu veitustarfsemi í Múlapingi inn í HEF. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu og uppfæra.

4 Eiðar – erindi vegna hitaveitu

Stjórn HEF telur forsendur til að skoða lagningu hitaveitu út í Eiða ekki vera til staðar eins og er. Verði uppbygging eða breyting á notkun á svæðinu verður hægt að taka afstöðu til þess.

5 Smiðjusel – verðmat

Verðmat hefur farið fram á eigninni og framkvæmdastjóra falið að koma eigninni í sölufarli.

6 Verkefni fyrir aðalfund HEF

Hefðbundin aðalfundarstörf, kynning á yfirfærslu, breyting á nafni, breytingar á samþykktum.

7 Yfirlit verkefna - heildin

a. Undirbúningur verkefna 2021

Framkvæmdastjóri kynnir þau verkefni sem stefnt er að á árinu.

b. Samráðsfundur HAUST

Fundagerð frá 14. janúar síðastliðnum lögð fram til kynningar.

c. Drög að fráveitusamþykkt

Lögð fram til kynningar, framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.

8 Yfirlit verkefna - Borgarfjörður

a. Fráveita - mengunarmælingar

Lagt fram til kynningar.

9 Yfirlit verkefna - Djúpivogur

a. Hitaveita – minnisblað

Lagt fram til kynningar.

b. Fráveita – heildaráætlun / skipulag

Lagt fram til kynningar, verkefnið er í vinnslu.

10 Yfirlit verkefna Fljótsdalshérað

a. Upptekt holu UV-8

Fyrir liggur tilboð.

b. Ljósleiðari í dreifbýli

Farið yfir stöðu verkefnisins og næstu áfanga.

c. Minnisblað ljósleiðara fyrir Múlaping (af síðasta fundi)

Er í vinnslu.

d. Lóð Fóðurstöðvar

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu í samræmi við umræður á fundinum í samræmi við síðustu afgreiðslu stjórnar á málinu.

11 Seyðisfjörður

a. Eftir skriðuföll

Farið yfir stöðuna.

12 Önnur mál

a. Starfsmannamál

Starfsmannamál rædd.

b. Tengigjald ljósleiðara

Samþykkt að tengigjald á ljósleiðara er 250.000 kr. auk virðisaukaskatts á styrkhæfum stöðum. Tengigjald á þeim stöðum sem ekki eru styrkhæfir er 350.000 kr. auk virðisaukaskatts þar sem innifalið er allt að 100 metra heimtaug. Mánaðargjald línu er 3.400 kr. á mánuði með virðisaukaskatti.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerð yfirfarin og fundi slitið kl. 19:00.

Fundargerð ritaði Jónína Brynjólfsdóttir.

Fundargerð staðfest, _____ 2021

_____	_____
_____	_____
_____	_____